

110

12. nóv.

7. gr.

Stjórnin hlutast til um að reikningur sjóðsins sje árlega birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Akureyri 11. nóv. 1916.

Matthías Jochumsson.

111

10. nóv. útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands, 10. nóvember 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

Framfarasjóðs Einaras Ásmundssonar.

1. gr.

Mafn sjóðsins er: Framfarasjóður Einaras Ásmundssonar. Hann er myndaður af Framfarafjelagi Grýtubakkahrepps á 50 ára afmæli þess í minningu um stofnanda þess, Einar Ásmundsson í Nesi, með fullum 1000 kr. — eitt þúsund krónum. Stofnfjeð má aldrei skerða.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðald Söfnunarsjóðs Íslands. Vextirnir leggjast óskertir við stofnfjeð þangað til 31. des. 1927. Þá er heimilt að taka af árs-vöxtunum samfleytt 3. hvert ár til ársins 2067 þessar upphæðir: 50 kr. — fimmtíu krónur til 1. jan. 1917, 100 kr. — eitt hundrað krónur — til 1. jan. 2017, og 1000 kr. — eitt þúsund krónur — til 1. jan. 2067. Upp frá því leggjast að minsta kosti 250 kr. — tvö hundruð og fimmtíu krónur — af vöxtunum árlega við stofnfjeð.

Sjeu framangreindar vaxtaupphæðir eigi teknar hin ákveðnu ár, leggist þær óskertar við stofnfjeð.

3. gr.

111

12. nóv.

Sjóðurinn er eign Framfarafjelags Grýtubakkahrepps og stendur undir stjórn þess. Hún annast um að fá konunglega staðfestingu á skipulagsskrá þessari. Reikning sjóðsins skal auglýsa árlega í Stjórnartíðindunum.

4. gr.

Fje því, sem tekið er af vöxtunum samkvæmt 2. gr. hjer að framan, skal Framfarafjelaði á hverjum tíma verja til einhvers þess, sem líklegt er til þess að efla tilgang fjelagsins samkvæmt núgildandi lögum þess. Skal Framfarafjelaði á 50. hverju afmæli þess setja reglugjörð, er ákveði hvernig útgreiddum vöxtum skuli verja næstu 50 ár.

5. gr.

Leggist Framfarafjelaði niður, fer um sjóð þenna eins og um aðrar eignir þess samkv. 13. gr. núgildandi fjelagslaga, að því undanteknu, að á meðan slíkt Framfarafjelag eigi starfar í Grýtubakkahreppi, leggist allir vextirnir óskertir við stofnfjeð.

Grenivík, 31. janúar 1917.

Í stjórn Framfarasjóðs Grýtubakkahrepps.

Arni Jóhannesson. Jóhannes Sigurðsson. Björn Arnason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir spítalasjóðinn »Ástriðarminning«, 112
útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 12. nóv.
12. nóvember 1917.

Skipulagsskrá

fyrir spítalasjóðinn „Ástriðarminning“.

1. gr.

Sjóðurinn, sem á að vera til styrktar og eflingar sjúkrahúsi á Eyrarbakka, er stofnaður með 50 krónum, sem kvenfjelaði á Eyrarbakka gaf 1. nóvember 1904 í minningu um húsfú Ástriði Guðmundsdóttur, sem þá var fyrir skömmu látin, en sem verið hafði meðlimur kvenfjelagsins frá byrjun þess og til dauða-daðs, eða um 16 ár.